

Mál nr. 11/2014

Ár 2015, mánudaginn 16. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2014

X  
gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 27. maí 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A við B án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 2. júní 2014 og henni gefinn andmælafrestur til 30. júní. Andmæli bárust með bréfi dags. 21. júní. Afrit andsvars var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en fór fram á að siðanefnd ynni málið áfram. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 21. janúar 2014 var rakkinn A paraður við tíkina B án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Íslenskur fjárhundur og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða svaraði því til í andsvari sínu að hún hefði verið þess fullviss að rakkinn hefði verið með gilt augnvottorð við pörun og hún hefði því ekki sannreynt það sem þó hefði verið auðvelt því upplýsingar þar um eru tiltækar á heimasíðu deildarinnar. Hún stefni ætíð að því að fara reglulega með hunda sína í augnskoðun og hefur ekki skýringar á því hvers vegna hún hafi misst úr þetta skipti. Kærða biðst einlæglega afsökunar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorðið ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun. (gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (kataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 28. ágúst 2013 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 26 mánaða eftir þriggja ára aldur undaneldisdýrs. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotunum. Kærða hefur upplýst að hún hafi verið þess fullviss að rakkinn hafi verið með gilt augnvottorð við pörun og því ekki sannreynt það. Í ljós hafi svo komið að svo rakkinn var ekki með gilt augnvottorð. Siðanefnd telur það alfarið á ábyrgð ræktanda að kynna sér heilsufarsvottorð ræktunardýra sinna þannig að óyggjandi sé að þau séu gild. Rakkinn hefur nú verið augnskoðaður og til allra heilla staðist þá skoðun, en það gat kærða ekki séð fyrir. Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félgsins og telur siðanefnd því hæfilega refsingu vera áminningu.

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir